

Forysta skiptir máli.

Áskorun til aðildarféлага SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

SVP - Samtök verslunar og þjónustu leita nú eftir framboðum til stjórnar samtakanna og til fulltrúaráðs Samtaka atvinnulífsins (SA). Markmiðið er að tryggja öfluga og framsýna forystu sem getur tekið virkan þátt í mótun rekstrarumhverfis verslunar- og þjónustugreina á Íslandi.

Þrír meðstjórnendur skulu kosnir til setu í stjórn SVP fyrir næstu tvö starfsár.

Þá er einnig leitað eftir **fulltrúum til setu í fulltrúaráði SA til eins árs.**

Eftirtaldir meðstjórnendur eiga sæti í stjórninni til loka næsta starfsárs, 2026/2027:

- Dagbjört Erla Einarsdóttir, Heimar
- Jónas Kári Eiríksson, Askja
- Kristín Lára Helgadóttir, Veritas

Formaður stjórnar SVP er Auður Daníelsdóttir, Drangar

Við hvetjum þig til að bjóða þig fram eða senda inn tilnefningu fyrir kl. **12:00 hinn 13. febrúar nk. en framboðsfrestur samkvæmt samþykktum rennur út 18. febrúar.** Aðalfundur verður haldinn 12. mars nk.

Tilnefningar til stjórnar SVP og fulltrúaráðs SA skulu sendar til **SVP – Samtök verslunar og þjónustu, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, merktar „Kjörnefnd SVP“ eða á netfangið: kosning@svth.is**

Rétt er að minna á að tillögur um breytingar á samþykktum SVP þurfa að berast stjórn samtakanna eigi síðar en 4 vikum fyrir aðalfund, eða **11. febrúar 2026.**

Hagsmunagæsla á tímum mikilla breytinga

Aðildarfyrirtæki SVP hafa sýnt þrótt og seiglu gagnvart áskorunum síðastliðinna ára. Aukin óvissa er í alþjóðamálum og staða Íslands sjaldan verið nær hringiðu heimsmálanna.

Því er mikilvægt að aðildarfyrirtæki SVP taki virkan þátt í starfi samtakanna til að takast á við þær flóknu áskoranir sem íslenskt viðskiptalíf stendur frammi fyrir. Við leitum því að fólki sem getur tekið ákvarðanir á tímum óvissu og ber skynbragð á alþjóðamál og aðfangakeðjur.

Fólk af öllum kynjum er hvatt til að gefa kost á sér í stjórn SVP og í fulltrúaráð SA.

Kjörnefnd SVP